



EYRIR INVEST



Marel

meniga

Nasdaq



ÖSSUR

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (texti ársreiknings). (Mál nr. 139)

CCP, Eyrir Invest, Icelandair Group, Marel, Meniga, Nasdaq á Íslandi, Viðskiptaráð Íslands og Össur („undirrituð“) skila sameiginlegri umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga.

Undirrituð þakka fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarpið. Undirrituð telja framfaraskref að félögum sé heimilað að semja ársreikning eða samstæðureikning á ensku en ekki er nógu langt gengið með frumvarpinu.

Helstu atriðin sem undirrituð vilja koma á framfæri eru eftirfarandi:

- Félög sem semja ársreikning á ensku eiga ekki að þurfa að skila þýðingu til ársreikningaskrár
- Hluthafar geti krafist þess á aðalfundi að gerð sé grein fyrir ársreikningi á íslensku
- Að öðrum kosti ætti að nægja að skila útdrætti úr ársreikningi á íslensku

Óþarfa álögur og margverknaður

Undirrituð fagna því að í frumvarpinu sé félögum heimilað að semja ársreikning og samstæðureikning á ensku. Undirrituð fagna því enn fremur að ekki sé gert ráð fyrir að fyrirtæki þurfi sérstakt leyfi til að nýta sér þessa undanþáguheimild eins og segir í skýringum við 1. gr. frumvarpsins, heldur sé það félaganna sjálfra að meta hvort þessi þörf sé til staðar.

Undirrituðum þykir hins vegar miður að ekki hafi verið tekið tillit til ábendinga undirritaðra á fyrri stigum í meiri mæli en gert er í frumvarpinu. Undirrituð kalla eftir því að félög sem telja þörf á að semja ársreikning eða samstæðureikning á ensku fái til þess heimild og að jafnframt verði aflétt að fullu þeirri kvöð að þau þurfi að þýða ársreikninginn og skila til ársreikningaskrár á íslensku.

Undirrituð telja duga að þau fyrirtæki sem nýta sér þessa heimild þurfi ekki að þýða ársreikninginn á íslensku heldur dugi að þau geri grein fyrir honum á íslensku á aðal- eða hluthafafundi. Annar en síðri kostur að mati undirritaðra væri að heimila þeim félögum sem skila ársreikningi eða samstæðureikningi á ensku að skila jafnframt útdrætti úr honum á íslensku.

Sú krafa sem gert er ráð fyrir að standi áfram í lögnum er sérstaklega þungbær fyrir minni fyrirtæki sem eru að hasla sér völl erlendis. Slík félög, sem eru í leit að fjármagni á erlendri grundu, þurfa að

framvísa ársreikningum á ensku og því skapast tvíverknaður og aukinn og óþarfur kostnaður sem lítil fyrirtæki munar verulega um.

Framtíð íslensks viðskiptalífs liggur að mati undirritaðra í sívaxandi mæli hjá fyrirtækjum sem þessum, fyrirtækjum í alþjóðageiranum, og er þetta því sérstaklega íþyngjandi fyrir þessi fyrirtæki. Þessu til viðbótar má benda á að kannanir hafa leitt í ljós að níu af hverjum tíu Íslendingum skilja ensku. Þá verður að horfa til þess að í ársreikningum er að finna mjög sérhæfð hugtök sem kalla á sérþekkingu og því ólíklegt að þeir sem skilja þau á íslensku skilji þau ekki á ensku.

Krafa um að gera þurfi grein fyrir ársreikningi sem saminn er á ensku á íslensku á hluthafafundi eða krafa um að skila útdrætti reikningsins á íslensku myndi að mati undirritaðra fyllilega tryggja stöðu íslenskunnar í þessum efnum. Loks má benda á að í Noregi, Danmörku og Hollandi hafa félög val um hvort ársreikningum félaga sé skilað á ensku eða þjóðartungu viðkomandi lands. Með þessum ósveigjanleika er hið opinbera að fjöttra íslenskt atvinnulíf um of, skapa regluverk sem dregur úr samkeppnishæfni og gera Ísland að eftirbát annarra landa í alþjóðlegri samkeppni.

Margt smátt gerir eitt stórt

Eins og fram hefur komið í málflutningi Viðskiptaráðs undanfarið er ráðinu, og öðrum sem rita undir þessa umsögn, mjög umhugað um að varðveita íslenska tungu. Það breytir því þó ekki að undirrituð telja enga ógn stafa að þjóðartungunni þótt félögum verði heimilað að notast við enska tungu við ársreikninga- eða samstæðureikningagerð og að þeir verði ekki þýddir á íslensku.

Kröfur um þýðingu þeirra eru óþarfa álögur á íslenskt atvinnulíf og getur kostnaður fyrirtækja við slíkar þýðingar hlaupið á milljónum króna. Slíkar álögur eru til þess fallnar að draga úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, sem ýtir öðru fremur undir að fólk og fyrirtæki velji önnur og samkeppnishæfari lönd undir sína starfsemi. Það er mun meiri ógn við þjóðartunguna heldur en það að nokkur fyrirtæki skili ársreikningum á ensku verður nokkurn tíma. Þó svo að þessa kvaðir, einar og sér, séu ekki til þess fallnar að grafa verulega undan samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs gerir margt smátt, á borð við milljónaútgjöld við þýðingar á ársreikningum, eitt stórt þegar fyrirtæki velja sér samastað.

Lítill eftirspurn og villuhætta

Máli undirritaðra til stuðnings skal bent á að um árábil birtu nokkur þau félaga sem hér undir rita ársreikninga og samstæðureikninga sína eingöngu á ensku samkvæmt þágildandi heimild í ársreikningalögum. Allan þann tíma bærust félögunum engar athugasemdir um að ársreikningar eða samstæðureikningar væru ekki aðgengilegir á íslensku. Eftir að þýðingarskyldan var lögð á reyndist sáralítill sem engin eftirspurn vera eftir ársreikningum félaganna á íslensku.


Þetta rennir enn frekari stoðum undir þá staðreynd að heimild nokkurra íslenskra fyrirtækja til að skila ársreikningum á ensku án þýðingar á íslensku er ekki til þess fallin að skerða með nokkrum hætti gagnsæi eða aðgang almennings að upplýsingum sem birtar eru í ársreikningaskrá. Að sama skapi er rökrétt að álykta að birting slíkra ársreikninga án íslenskrar þýðingar hafi engin neikvæð áhrif á verndun og framgang íslenskrar tungu.

Loks er rétt að benda á að þýðingum á ársreikningum og samstæðureikningum fylgir villuhætta. Þar sem upprunalegi enski textinn gildir ef misræmis gætir við íslensku þýðingu þá gæti það skapað falskt öryggi fyrir lesendur ársreikninga og samstæðureikninga félaganna að treysta alfarið á íslensku þýðinguna.

Undirrituð leggja því til að frumvarpið nái fram að ganga með þeim breytingum sem kallað er eftir í þessari umsögn.

Undirrituð áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og eru reiðubúin að skýra þessa umsögn nánar og svara spurningum, sé þess óskað, á fundi þingnefndar. Þess er óskað að slík beiðni verði send Viðskiptaráði Íslands sem kæmi beiðni til annarra undirritaðra áleiðis.


Virðingarfyllst,



Hilmar Veigar Pétursson
Forstjóri CCP



Þórður Magnússon
Stjórnarformaður Eyrís Invest



Bogi Níls Bogason
Forstjóri Icelandair Group



Árni Oddur Þórðarson
Forstjóri Marels



Georg Lúðvíksson
Forstjóri Meniga



Páll Harðarson
Forstjóri Nasdaq á Íslandi



Ásta Sigríður Fjeldsted
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Sveinn Sölvason
Fjármálastjóri Össurar